

Mál nr. 411/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/forfallatryggingar ferðatryggingar

Veikindi, hætt við utanferð, ágreiningur um skýringu ákvæðis vátryggingarskilmála.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.11. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.12. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um skýringu ákvæðis vátryggingarskilmála. Samkvæmt umræddu ákvæði bætir vátryggingin ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Félagið vísar til þess að vátryggður hafi fyrirhugað ferðalag 02.11. 2009 og flugmiði verið gefinn út 06.10. 2009. Vátryggður hafi forfallast vegna veikinda en viðkomandi hafi verið haldinn sárasjúkdómi í ristli. Félagið hafnar því bótaskyldu. Samkvæmt læknisvottorði dags. 31.10. 2009 var veikinda M fyrst hafa verið vart árið 1988. M taki lyf daglega við sínum sjúkdómi en bætir öðru lyfi við eftir köstum. Félagið telur því að áðurnefnt ákvæði eigi við. Sjúkdómurinn er til staðar auk þess sem dagleg lyfjataka vegna hans er óumdeild og fellur það því undir meðferð á sjúkdómi skv. skilmálum þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi. Hann vísar til þess að sjúkdómur sinn sé einstaklingsbundinn. Að jafnaði skerðir hann lífsgæði allra sem hann fá, þó mismikið. Eitt megineinkenna er að sjúkdómurinn kemur í köstum. Lyfjagjöf heldur þeim “mjög til hlés...” Hann vísar til þess að þegar hann greiddi staðfestingargjaldið hafi hann verið einkennalaus og ekki þjáðst af sjúkdómnum en á brottfarardegi höfðu einkenni gert vart við sig. Nánar er vísað til umfjöllunar M í málskotinu. Hann telur að túlkun vátryggingafélagsins mismuni fólki með suttvarandi kvilla og langveiku fólki varðandi endurgreiðslu ferða. Það telur hann óásættanlegt.

Álit.

Samkvæmt skilmálum greiðir vátryggingin ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Fyrirliggjandi læknisvottorð staðfestir að M hefur verið haldinn umræddum sjúkdómi frá árinu 1988 og að hann hafi verið í meðferð vegna veikindanna. Sökum þessa er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 22. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.